

## Vatnsgjald

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsgjald árlega. Sama gildir um aðrar fasteignir utan lögsagnarumdæmisins sem fá vatn úr kaldavatnskerfi Norðurorku.

Ekki er innheimt vatnsgjald af húsnæði utan dreifikerfissvæðis vatnsveitunnar.

Vatnsgjaldið samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og gjaldi sem miðast við stærð eignar (fermetragjald) skv. fasteignamati. Hámark vatnsgjalds er 0,5% af fasteignamati matshluta eignar. Liggja ekki fyrir upplýsingar um flatarmál fasteignar í fasteignaskrá skal gjaldið taka mið af fasteignamati, þ.e. vera 0,15% af fasteignamati matshluta. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur við íbúðarhús (á sömu lóð) er undanþegið fastagjaldi.

- Árlegt vatnsgjald af íbúðarhúsnæði er fastagjald kr. 9.656 á matseiningu og kr. 144,8 á m<sup>2</sup>.
- Árlegt vatnsgjald af atvinnu- og iðnaðarhúsnæði er fastagjald kr. 19.312 á matseiningu og kr. 144,8 á m<sup>2</sup>.
- Árlegt vatnsgjald af frístundahúsi er kr. 9.656 á matseiningu og kr. 144,8 á m<sup>2</sup>, þó aldrei lægra en kr. 27.352 .
- Árlegt vatnsgjald fyrir bændabýli fylgir vatnsgjaldi fyrir íbúðarhúsnæði. Fyrir útihús er ekki greitt fastagjald á matseiningu en greitt er hálf fermetragjald.

## Aukavatnsgjald

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir er nota vatn til annars en heimilisparfa, greiða aukavatnsgjald skv. lögum (7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004). Aukavatnsgjald skal að jafnaði innheimta samkvæmt mæli sem Norðurorka leggur til og er gjald fyrir mæli innifalið í fastagjaldi fyrir matseiningu. Mælar eru settir upp þar sem ætla má að vatnsnotkun sé mikil. Auk þessa er ákvæði í reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 sem heimilar innheimtu samkvæmt áætlun ef ekki er hægt að koma við mælingu.

Rúmmálgjald 25,95 kr./m<sup>3</sup>. Fyrstu 100.000 m<sup>3</sup> á ársgrunni.

Rúmmálgjald 23,83 kr./m<sup>3</sup>. Eftir fyrstu 100.000 m<sup>3</sup> til 250.000 m<sup>3</sup> á ársgrunni.

Rúmmálgjald 19,48 kr./m<sup>3</sup>. Eftir fyrstu 250.000 m<sup>3</sup> á ársgrunni.

## Vatnstökustútur

Árlegt vatnsgjald fyrir aðgang að vatnstökustút (meðal annars til vökvunar, brynningar dýra og þrifa) er kr. 27.539. Innifalið í gjaldi er opnun að vori og lokun að hausti ásamt hefðbundnu viðhaldi heimplagna. Árlegt vatnsgjald fyrir vatnstökustúta sem uppsettir voru fyrir 1. janúar 2018 er kr. 13.769.

**Vatnsgjöld eru innheimt með fasteignagjöldum.**